

Skólaráðsfundur 2. febrúar

kl. 17:30

Mætt: Iryna Boiko, Bryndís Snjólfsdóttir, Þorsteinn Kristjánsson, Freyja Jónsdóttir, María Shanko og Jóna Björg Sveinsdóttir.
Jóhanna Óladóttir mætti ekki og boðaði ekki forföll.

1. Starfsáætlun

Farið yfir starfsáætlun og þá þætti sem breyst hafa frá því í fyrra t.d. frístund, tímasetningar á stundaskrá og menntaþingi sem áætlað var á vorönn frestað til næsta árs.

2. Skólanámskrá

Bekkjarnámskrár komnar á heimasíðuna fyrir þá bekki sem fyrir eru. Stefnt á að setja inn þá aðra bekki sem eftir eru fyrir vorið. Farið yfir einstakar námsgreinar og stöðu kennslu í þeim greinum.

3. Staða skólans

Breyting í starfsmannamálum. Hólmfríður J. Lúðvíksdóttir komin í veikindaleyfi þar til uppsögn hennar tekur gildi en hún hafði sagt upp frá 1.mars n.k. Bryndís Snjólfsdóttir komin til starfa í hennar stað. Af þessum sökum þurfti að stokka upp í stundaskrá nemenda en að sjálfsgöðu þess gætt að halda fjölda kennslustunda í hverri grein. Bryndís mun koma inn í skólaráðið í stað Hólmfríðar sem fulltrúi kennara.

4. Breytingar á dagatali

Ákveðið hefur verið að vera ekki með árshátíð að þessu sinni. Þess í stað að hafa uppskeruhátíð þar sem sýndur verður afrakstur vetrarins í byrjun maí. Eftir sem áður verður ekki breyting á kennsludagafjölda nemenda þar sem vorferðin sem farin verður í lok apríl (þriggja daga ferð) telst sem fjórir kennsludagar þar sem nemendur gista tvær nætur. Vorferð í maí verður því ekki og færist námsmatið aftur sem því nemur.

5. Önnur mál

Rætt um leiktæki á leikskólaalóð og stækkun lóðarinnar. Leggur ráðið til að keyptar verði rólur hið fyrsta og lóðin stækkuð.

Heimsókn 3. bekkjar Fellaskóla í maí.

Hjólaferðir.

Bréf frá landvernd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00